



## Minnisblað

**Efni:** Frumvarp til breytinga á lögum þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið (156. mál)  
**Dags.:** 1. febrúar 2016  
**Til:** Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis  
**Frá:** Samtökum iðnaðarins

---

Frumvarp til breytinga á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið nr. 34/1944, sem veitir rýmri heimildir til notkunar á íslenska fánanum við markaðssetningu á vöru eða þjónustu, liggur nú fyrir Alþingi. Samtök iðnaðarins hafa lengi hvatt til þess að reglur yrðu rýmkaðar að þessu leyti en telja að ýmsir ágallar séu á því frumvarpi sem nú liggur fyrir. Mikilvægast er að notkun fánans veiti neytendum skýrar og gangsæjar upplýsingar um uppruna og takmarki ekki um of möguleika íslenskrar framleiðslu til að geta um uppruna sinn með þeim hætti. Helstu áhyggjuefni SI við fyrirliggjandi frumvarp eru eftirfarandi:

- Vörur sem framleiddar eru á Íslandi úr innfluttum hráefnum þarf að vera hægt að merkja með fánanum, að því tilskildu að nægilegur hluti virðisaukningar verði til í landinu. Nú þegar eru til reglur sem taka tillit til slíkrar virðisaukningar við mat á uppruna vöru, sbr. II. viðauki við bókun 4 með EES-samningnum.
- Þegar um er að ræða landbúnaðarhráefni, sem framleidd eru á Íslandi, gera neytendur í vaxandi mæli kröfu um að uppruna þeirra sé getið í merkingum. Sjá í því skyni bæklinginn „Frá hvaða landi kemur maturinn?“ sem inniheldur leiðbeiningar til neytenda, matvælaframleiðenda, verslana og veitingastaða um upprunamerkingar matvæla. Hætta er á að neytendur muni álita það villandi að vörur framleiddar úr innfluttum landbúnaðarhráefnum (kjöti, mjólk, grænmeti) beri íslenska fánann.
- Gera þarf greinarmun á vöru sem er hönnuð á Íslandi undir íslensku vörumerki og annars vegar framleidd á Íslandi og hins vegar erlendis. SI gera ekki athugasemd við að hvoru tveggja megi merkja með fánanum en telja að jafnframt þurfi að koma fram í merkingu hvar varan er framleidd, þ.e.a.s framleidd á Íslandi eða framleidd í Kína (Made in Iceland eða Made in China). Er slíkt til þess fallið að veita betri upplýsingar til neytenda.

Í ljósi ofangreinds leggja SI til að skilgreining á íslenskri vöru í lögnum verði svohljóðandi:

Vara telst íslensk ef hún er:

- framleidd hér á landi úr innlendu hráefni að uppistöðu til,
- framleidd hér á landi, þótt hún sé framleidd úr innfluttu hráefni að stórum hluta eða öllu leyti, **hafi hún hlotið nægilega aðvinnslu hérlendis og ekki sé um að ræða hráefni sem er eðlislíkt innlendu landbúnaðarhráefni sem telst hafa séríslenskan uppruna, einkenni eða eiginleika.**

Hönnunarvara telst íslensk ef hún er hönnuð af íslenskum aðila undir íslensku vörumerki þótt hún sé framleidd erlendis úr erlendu hráefni, enda sé ekki um að ræða hráefni sem er eðlislíkt innlendu hráefni sem telst hafa séríslenskan uppruna, einkenni eða eiginleika. **Jafnframt skal koma fram framleiðsluland vörunnar.**

Hugverk telst íslenskt ef það er samið eða skapað af íslenskum aðila.